

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um jarðaskipti.

1865.

16. júní.

Í bænarskrá, sem hingað hefir borizt með álitsskjali yðar, herra amtmaður, dagsettu 27. janúarmán. þ. á., hefir J. A. Knudsen, umboðsmaður Þingeyra klausturs jarða, sókt um að fá jarðirnar Árbakka, Kurf og hálfan Kaldrana, en þær eru allar Þingeyra klausturs jarðir og liggja í Vindhælis hrepp í Húnavatnsýslu, í jarðaskiptum fyrir eignarjörð sína Gunnsteinstaði með hjáleigunni Hólabæ í Bólstaðarhlíðar hrepp í sömu sýslu. Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að beiðandanum verður ekki veitt það sem hann hefir sókt um, og skal skýrskotað til þess, sem stjórnarráðið áður fyrri hefir sagt um, að ekki geti álitizt æskilegt nú sem stendur að hlutast til um að láta af höndum þjóðjarðirnar á Íslandi.

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um að kaupa ríkisskuldabréf fyrir ómyndugra fê.

16. júní.

Í bréfi því, sem í eptirriti fylgir með bréfi þessu og landfógetinn á Íslandi hefir sent hingað, hefir sýslumaðurinn í Norðurmúla sýslu, O. Smith, beðið stjórnarráðið að hlutast til um, að keypt verði óuppsegjanleg ríkisskuldabréf með 4 af hundraði í vöxtu fyrir fê, sem verið hefir á vöxtum í jarðabókarsjóðnum, en sagt hefir verið upp til útborgunar úr sjóði þessum; er fê þetta sumpart ómyndugra eign, sumpart eign ógiptra kvenna, er ekki eiga lengur eigur sínar undir stjórn yfirfjárráðenda.

Útaf þessu eruð þér, herra amtmaður, beðnir að leiða athygli Smiths sýslumaðns að því, að þar sem nokkur hluti fjár þess, sem um er rædt, er ómyndugra eign, má ekki eptir lögum þeim, sem nú eru gildandi, ávaxta ómyndugra fê á þann hátt, að keypt séu fyrir það óuppsegjanleg ríkisskuldabréf, því að vísu var komið fram með uppástungu, sem að þessu laut, þegar